

FRÉTTATILKYNNING:

Norrænt verkefni hjálpar til við að draga úr loftslagsáhrifum bygginga með stafvæðingu

Með norræna samstarfsverkefninu Nordic Sustainable Construction hefur verið sett af stað nýtt gagnaverkefni sem samþættir upplýsingalíkön mannvirkja (BIM) við lífsferilsmat bygginga til að koma á betri aðferð til að reikna út kolefnisfótspor bygginga.

Þegar stefnt er að því að byggja á sjálfbærari hátt og reikna út loftslagsáhrif bygginga er gagnasöfnun og stafvæðing nauðsynleg til að auðvelda og hraða grænu umskiptunum. Því ef ekki er hægt að mæla það er ekki hægt að breyta því.

Þess vegna hefur Nordic Sustainable Construction sett af stað verkefni um stafræn verkfæri og stafvæðingu lífsferils mats staðlaðra bygginga til að meta, samþætta og samræma útreikninga á kolefnisfótspori bygginga á Norðurlöndum enn frekar.

Með því að nota stafræn verkfæri eins og BIM-hugbúnað og samþætta þau við staðlaðar skilgreiningar á lífsferilsmati bygginga batnar útreikningur kolefnisfótspora og skilningur okkar á því hvað byggingarmassinn inniheldur svo um munar.

Auðveldar lífsferilsmat bygginga

Til að ná þessum mikilvægu skrefum í að draga úr kolefnisfótspori bygginga miðar verkefnið að því að þróa leiðbeiningar um lífsferilsmat bygginga sem gerðar eru með hjálp upplýsingalíkana mannvirkja (BIM) um leið og tekið er tillit til norrænnar samræmingar á lífsferilsmati.

„Við þurfum að samræma og gera lífsferilsmat bygginga hagkvæmara. Þess vegna er mikil þörf á stafrænum verkfærum,“ segir Maria Tiainen, eldri sérfræðingur í umhverfisráðuneyti Finnlands, og heldur áfram:

„Núna erum við að þróa BIM-líkön og kennsluefni um hvernig á að reikna kolefnisfótspor út frá þessum líkönum, þar sem BIM auðveldar uppbyggingu lífsferils mats.“

Gagnaverkefnið var boðið út af umhverfisráðuneyti Finnlands sem ber ábyrgð á vinnu við norræna samræmingu á lífsferilsmati undir merkjum verkefnisins Nordic Sustainable Construction.

Samþætting efnis byggt á upplýsingalíkönum mannvirkja við lífsferils matsgögn

Verkefnið var unnið af BIM₄LCA-hópnum sem samanstendur af VTT Technical Research Centre of Finland Ltd (samhæfingaraðili), Granlund Ltd, Gravicon Ltd og Insinööritoimisto Kallinen Ltd (ARKCON). Hópurinn er í samstarfi við aðila frá öðrum norrænum löndum sem styðja rannsóknirnar og í sameiningu þróa þau leiðbeiningar til að auðvelda lífsferilsmat bygginga sem grundvallast á upplýsingalíkönum mannvirkja (BIM) á Norðurlöndunum.

„Þegar unnið er áfram að norrænni samþættingu á lífsferilsmati bygginga eru stafvæðing og upplýsingalíkön mannvirkja mjög nauðsynleg þar sem þetta tvennt getur stuðlað að því að lágmarka villur og kostnað. Þess vegna hlökkum við til að samþætta BIM- og lífsferils matsverkfæri enn frekar til að

auðvelda uppbyggingu lífsferilsmats í norræna byggingageiranum og víðar,“ segir Rita Lavikka, yfirvísindamaður frá VTT.

Verkefnið mun einnig þróa safn norræna viðmiðunarbygginga til að sannreyna frammistöðu ýmissa BIM-viðbóta og lífsferilsmatsverkfæra. Á þessum grunni mun BIM4LCA-hópurinn þróa námsefni á netinu fyrir norræna háskóla sem og faglega notkun, þar sem haft verður samráð við hagsmunaaðila til að mæta þörfum byggingageirans.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við: nordicsustainableconstruction@sbst.dk eða fara á www.nordicsustainableconstruction.com

Um verkefnið Nordic Sustainable Construction:

Verkefnið Nordic Sustainable Construction, sem er með aðsetur í dönsku félagsþjónustu- og húsnæðisstofnuninni, er styrkt af Nordic Innovation og stendur frá 2021 til 2024. Verkefnið vinnur að því að styðja við umskipti norræns byggingaiðnaðar í átt að sjálfbærari og samkeppnishæfari byggingum, sem er hluti af Framtíðarsýn okkar 2030.

Verkefnið er innan vettvangs norrænnar samræmingar á lífsferilsmati, hringlaga viðskiptalíkana og innkaupa, sjálfbærra byggingarefna og arkitektúrs, byggingarsvæða án losunar, aukinnar endurnotkunar byggingarefna og þekkingarmiðlunar.

Yfirskrift:

Valle Wood, skrifstofubyggingin í Ósló, er dæmi um hvernig hægt er að hafa loftslagsáhrif bygginga í huga við hönnun.